

SKÓLASTJÓRI GRUNNSKÓLI HORNAFJARÐAR



Grunnskóli Hornafjarðar var stofnaður 2007 með samruna þriggja skóla í sveitarfélaginu. Skólinn starfar í tveimur byggingum, 1.–6. bekkur í annarri og 7.–10. í hinni. Í skólanum eru nú 305 nemendur sem koma bæði úr dreifbýli og þéttbýli og við hann starfa 57 starfsmenn. Við skólann eru tveir skólastjórar sem þurfa að starfa náið saman. Skólinn starfar eftir hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar. Lögð er sérstök áhersla á heilsuefningu, nýsköpun og umhverfismennt. Upplýsingar um skólann má finna á www2.hornafjordur.is/grunnskoli/.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir að ráða skólastjóra við Grunnskóla Hornafjarðar.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Starfssvið

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri yngri bekkja skólans
- Fagleg forysta skólans í samstarfi við annan skólastjóra
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild í samstarfi við annan skólastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Grunnskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er æskileg
- Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum og sterk þörf til að ná árangri í starfi
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun og breytingarstarfi
- Metnaður, hugmyndaauðgi og skipulagshæfni
- Einlægur áhugi á skólamálum, t.d. þróunarverkefnum

Í Sveitarfélaginu Hornafirði búa um 2100 manns. Það nær frá Skeiðarársandi í vestri að Hvalhesskriðum í austri. Öflugt félagslíf er í sveitarfélaginu og aðstaða til margs konar íþróttaiðkunar góð. Upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.hornafjordur.is/stjornsysla/ og á www.rikivatnajokuls.is.

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.